

AUGLÝSING

um landslagsverndarsvæði í Kerlingarfjöllum.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur með samþykki sveitarstjórna Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps ákveðið að friðlýsa Kerlingarfjöll og nærliggjandi svæði sem landslagsverndarsvæði, sbr. 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Kerlingarfjöll eru fjallabálgur skammt suðvestur af Hofsjökli. Svæðið er að hluta óbyggt víðerni sem einkennist af stórbrotnu og litríku landslagi. Mikil líparítfjöll einkenna svæðið ásamt lægri móbergsfjöllum. Nokkur líparítfjallanna eru líparítapar sem eru fágætir á heimsvísu. Kerlingarfjöll eru megineldstöð með tveimur öskjum sem skarast ekki. Allmikið háhitasvæði er í Kerlingarfjöllum og skiptist það í þrjú meginsvæði; Hverabotn, Hveradali og Efri-Hveradali. Í Hverabotni er öflugur hver í lækjargili þar sem hiti hefur mælst 145-150°C sem er hæsta skráða hitamæling í hver á Íslandi. Mikil samfelld ummyndun í berg- og jarðgrunni einkennir hverasvæðin, en algengustu hverirnir eru gufuaugu, gufuhverir, soðpönnur og leirhverir. Í hverunum þrífst sérstætt lífríki hveraörvera.

Innan verndarsvæðisins eru menningarminjar sem vitna um mannvistir á svæðinu fyrir á tímum.

Verndargildi svæðisins í Kerlingarfjöllum byggir fyrst og fremst á jarðfræðilegri sérstöðu og fágæti og sérstöku og fögru landslagi. Á svæðinu eru einnig mikil tækifæri til að stunda útivist og sjálfbæra ferðamennsku.

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro, 1992), sbr. Stjórnartíðindi C-deild nr. 11/1995.

Hið friðlýsta svæði er 344 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda jarðminjar, landslag, óbyggðir og ásýnd, sbr. 3. gr. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verndunin nær til fágætra jarðmyndana, megineldstöðvar, landslagsheilda, lífríkis og menningarminja. Með vernduninni skal tryggt að ekki sé gengið á auðlindir svæðisins og nýting innan verndarsvæðisins skal ekki spilla jarðminjum, landslagi og ásýnd þess.

Með friðlýsingu svæðisins er stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í allri nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan þess. Friðlýsingunni er ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði og stuðla að góðri umgengni og bættu aðgengi að svæðinu.

3. gr.

Mörk hins friðlýsta landslagsverndarsvæðis.

Mörk landslagsverndarsvæðisins eru sýnd á korti sem birt er með auglýsingu þessari í viðauka I og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka II.

Innan landslagsverndarsvæðisins eru skilgreind tvö svæði með sérreglum. Svæðaskiptinguna má sjá á korti í viðauka I. Svæði I nær til svæðis í Ásgarði og nágrenni sem ætlað er til uppbyggingar og innviða í tengslum við móttöku ferðamanna í Kerlingarfjöllum. Svæði II nær yfir hverasvæði í Hverabotni, Hveradölum og Efri-Hveradölum og svæði í kringum drangann Kerlingu sem Kerlingarfjöll draga nafn sitt af. Svæði II eru svæði sem vernda þarf sérstaklega vegna viðkvæmni, sérstöðu eða af öryggissjónarmiðum.

4. gr.

Umsjón.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu, sbr. 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Með stofnuninni starfar þriggja manna samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skal hver aðili skipa einn fulltrúa. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skal vera formaður nefndarinnar. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Skal samstarfsnefndin funda minnst einu sinni á ári.

Hlutverk samstarfsnefndar er að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir verndarsvæðið, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum á henni svo og önnur stefnumótandi mál er varða verndarsvæðið.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir verndarsvæðið í samstarfi við samstarfsnefnd og einnig sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um sjálfbæra landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi ferðamanna, framandi lífverur, notkun vélknúinna farartækja, umferð hrossa, umferð loftfara, viðhald mannvirkja, fráveitu- og úrgangsmál og veiðar.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Leita skal umsagnar félagasamtaka og hagsmunaaðila vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra.

6. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu, sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Rannsóknir á hveraörverum eru auk þess háðar leyfi Orkustofnunar, sbr. 34. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar fyrir Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

7. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp, mun koma upp skiltum innan svæðisins og hefur frumkvæði að fræðslu um svæðið. Í fræðsluefni skal upplýst um svæðaskiptingu verndarsvæðisins og mismunandi umgengisreglur sem þar gilda. Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

8. gr.

Verndun landslags.

Varðveita skal einkenni og sérkenni landslags Kerlingarfjalla og svæðisins í heild. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands.

9. gr.

Verndun jarðminja.

Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins, nema með sérstöku leyfi skv. 12. gr. Óheimilt er að raska hverum og öðrum uppsprettum á svæðinu.

10. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Fjarlægja skal framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það. Nánar skal fjallað um framandi lífverur í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að hafa áhrif á lífríki sem tengist hverum og öðrum heitum uppsprettum nema með leyfi skv. 6. gr.

11. gr.

Verndun menningarminja.

Óheimilt er að hrófla við menningarminjum á verndarsvæðinu. Um vernd menningarminja fer eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Óheimilt er að hlaða nýjar vörður innan svæðisins sem hluta af varðaðri leið nema með leyfi Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Framkvæmdir á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þ.m.t. notkun á tækjum til framkvæmda. Um leyfisveitingar vegna framkvæmda að öðru leyti gilda m.a. ákvæði skipulagslaga, nr. 123/2010, laga nr. 160/2010 um mannvirki og laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Jafnframt kunna framkvæmdir og áætlanir að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að verndarsvæðið sé sjálfbært og framkvæmdir afturkræfar. Mannvirki skulu falla vel að landslagi.

Orkuvinnsla sem fellur undir lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er óheimil innan verndarsvæðisins. Rekstrar- og umsjónaraðilum er aðeins heimilt að nýta orku á svæðinu fyrir þá starfsemi sem leyfileg er samkvæmt gildandi deiliskipulagi og í samræmi við samþykkt byggingar- og framkvæmdaleyfi svo fremi að sú nýting gangi ekki gegn friðlýsingu og verndargildi og að fengnum leyfum, sbr. 1. mgr. Öll orkuvinnsla skal vera sjálfbær og skal ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins. Með sjálfbærri orkuvinnslu er átt við að notaðar séu endurnýjanlegar orkuauðlindir, að ekki sé gengið á orkuforða þeirra auðlinda sem á svæðinu eru og möguleikar komandi kynslóða á nýtingu auðlindanna séu ekki skertir. Óheimilt er að flytja orku sem unnin er innan verndarsvæðisins til notkunar utan þess.

Efnistaka er heimil þar sem efnistökusvæði eru skipulögð í gildandi aðalskipulagi. Efni úr námum innan verndarsvæðisins má einungis nota til viðhalds vega og slóða innan verndarsvæðisins og í vegi og slóða sem tengjast því. Jafnframt er efnistaka til uppbyggingar og viðhalds innan svæðisins heimil úr Ásgarðsá að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Efnistaka úr Ásgarðsá skal ekki hafa í för með sér varanlega röskun og sýnt skal fram á með áhrifamati að ummerki efnistökkunnar séu horfin að tveimur árum liðnum.

Heimilt er að halda við mannvirkjum, s.s. skálum, vegum og göngubrúum, sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Nánar skal fjallað um viðhald mannvirkja í stjórnunar- og verndaráætlun.

Réttur bænda til nýtingar afrétta til beitar og smölunar helst óbreyttur.

Sérreglur um mannvirkjagerð og landnotkun á svæði I.

Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu í tengslum við móttöku ferðamanna.

Sérreglur um mannvirkjagerð og landnotkun á svæði II.

Á svæðinu er aðeins heimilt að leggja nýjar gönguleiðir og reisa ný mannvirki í tengslum við þær, s.s. göngubrýr og útsýnispalla, að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps, sbr. 1. mgr. og í samræmi við deiliskipulag. Aðrar framkvæmdir eru óheimilar.

Við veitingu leyfis skal setja skilyrði um að mannvirki skulu hönnuð með þeim hætti að þau falli sem best að svipmóti lands.

13. gr.

Starfsemi innan svæðisins.

Öll starfsemi innan svæðisins skal rekin á grundvelli sjálfbærni. Óheimilt er að reka atvinnutengda starfsemi á svæðinu án samnings um slíka starfsemi við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélag. Í slíkum samningum skal setja þau skilyrði fyrir starfseminni sem talin er þörf á, meðal

annars vegna verndarmarkmiða svæðisins. Nánar skal fjallað um starfsemi innan svæðisins í stjórnunar- og verndaráætlun.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

Sveitarfélögum á svæðinu er heimilt að gera samninga við rekstraraðila um nýtingu svæðisins, sbr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlands, þjóðlendna og afrétta, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

14. gr.

Umferð um verndarsvæðið.

Almenningi er heimil för um verndarsvæðið en ber að ganga vel og snyrtilega um og fylgja umgengnisreglum sem þar gilda.

Umferð vélknúinna ökutækja er heimil á merktum vegum og slóðum, sbr. kort í viðauka I. Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. þó 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Heimilt er að aka slíkum tækjum á snævi þakinni jörð utan vega svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum að undanskildu svæði II, þar sem sérreglur gilda. Umhverfisstofnun er heimilt, að höfðu samráði við Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp, að bæta við eða breyta vegum og slóðum innan verndarsvæðisins vegna verndaráðstafana eða náttúruhamfara.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka ákveðnum svæðum í verndarskyni, sbr. 25. gr. og 25. gr. a. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Á þeim svæðum þar sem heimilt er að nota vélknúin ökutæki skal leitast við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og kostur er. Við skipulag á svæðinu skal gera ráð fyrir aðstöðu sem hvetur til notkunar farartækja sem nota vistvæna orkugjafa. Stefnt skal að því að nota fyrst og fremst slík farartæki innan verndarsvæðisins. Nánar skal fjallað um notkun vélknúinna farartækja í stjórnunar- og verndaráætlun.

Innan verndarsvæðisins er óheimilt að nota tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað utan skipulagðra tjaldsvæða. Fólki sem ferðast fótgangandi með allan sinn farangur er heimilt að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum utan skipulagðra tjaldsvæða. Hópar göngumanna þar sem eru 5 tjöld eða fleiri þurfa leyfi Umhverfisstofnunar til að tjalda utan merktra tjaldsvæða. Þegar tjaldað er utan skipulagðra tjaldsvæða skal þess gætt að ekki sé valdið skemmdum á náttúru svæðisins.

Ríðandi mönnum er aðeins heimil för um svæðið á merktum reiðleiðum, vegum og slóðum. Hrossabeit er óheimil utan áningarhólfa. Notkun hesta við smölun er heimil, sbr. 12. gr. Nánar skal fjallað um umferð hrossa í stjórnunar- og verndaráætlun.

Hundar á verndarsvæðinu skulu vera undir tryggri stjórn og ekki valda truflun fyrir gesti svæðisins eða dýralíf.

Hefðbundinn réttur bænda til smölunar sauðfjár verður óbreyttur. Um umferð vélknúinna ökutækja vegna smölunar fer skv. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.

Heimilt er að fara á reiðhjólum um verndarsvæðið en fylgja skal vegum, slóðum eða stígum, svo að ekki hljótist af náttúruspjöll. Um umferð reiðhjóla um verndarsvæðið fer samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019.

Um umferð loftfara um svæðið fer skv. almennum reglum þar um. Heimilt er að setja ítarlegri reglur um umferð loftfara í stjórnunar- og verndaráætlun.

Sérreglur um umferð um svæði I.

Á svæðinu er óheimilt að tjalda utan merktra tjaldsvæða.

Á svæðinu skulu hundar ávallt vera í bandi.

Sérreglur um umferð um svæði II.

Á svæðinu gilda ekki ákvæði um undanþágur frá akstri utan vega skv. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd nema hvað varðar björgunarstörf. Einungis er heimilt að aka léttum vinnu-

tækjum utan vega á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vegna göngustígagerðar og viðhalds gönguleiða. Afmá skal öll ummerki um umferð vinnutækja að framkvæmdum loknum.

Gangandi vegfarendur skulu fylgja merktum stígum í hvívetna.

Óheimilt er að fara á reiðhjólum um göngustíga á svæðinu. Heimilt er að teyma reiðhjól um svæðið.

Á svæðinu er óheimilt að tjalda.

Á svæðinu skulu hundar ávallt vera í bandi.

15. gr.

Umgengni um verndarsvæðið.

Óheimilt er að skilja eftir eða urða rusl eða annan úrgang innan verndarsvæðisins nema á þar til gerðum stöðum á svæði I. Úrgangur skal flokkaður eins mikið og kostur er. Nánari markmið um stjórnun fráveitu- og úrgangsmála skal setja í stjórnunar- og verndaráætlun.

16. gr.

Veidi og notkun skotvopna.

Veidar eru heimilar á svæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Nánar skal fjallað um veiðar á verndarsvæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun.

Veidar á ref eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir greni og veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

Stefnt skal að útrýmingu minks. Veidar á mink skulu stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila henni til Umhverfisstofnunar.

Sérreglur um veiði og notkun skotvopna á svæði I og svæði II.

Veidi og notkun skotvopna er óheimil á svæðum I og II.

17. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

18. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.


Leyfi Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps þarf til framkvæmda á svæði I, sbr. 1. mgr. 12. gr. Framkvæmdir í samræmi við samþykkt Hrunamannahrepps frá 8. janúar 2015, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 307/2015 um deiliskipulag í Hrunamannahreppi, sem er í gildi við undirritun friðlýsingar þessarar eru ekki háðar leyfi Umhverfisstofnunar, enda verði hvorki raskað vistkerfum né jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Frárennsli vegna slíkra framkvæmda skal hreinsað með fullnægjandi hætti sbr. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og frágangur að framkvæmdum loknum skal ætíð vera til fyrirmyndar. Verði gerðar breytingar á samþykktu deiliskipulagi á svæði I eftir undirritun friðlýsingarinnar eru framkvæmdir háðar leyfi í samræmi við 1. mgr. 12. gr. Framkvæmdaraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun með hæfilegum fyrirvara um upphaf framkvæmda og fylgja nánari leiðbeiningum stofnunarinnar um tilhögun og frágang.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 10. ágúst 2020.

Svandís Svavarsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I
Kort.



 <p>UMHVERFIS STOFNUN http://www.ust.is</p>	<p>Kerlingarfjöll landslagsverndarsvæði</p>	<p>— Vegir með vegnr.</p>	<p>— Mörk sveitarfélaga</p>	<p>N</p> <p>Blað nr. 822 útg. 2016</p>	<p>Flatalamið vörðunarsvæði: 344 km²</p>
		<p>— Vegir gerð F1</p>	<p>— Mörk verndarsvæðis</p>		<p>— Svæði 1</p>
		<p>— Vegir gerð F2</p>			<p>Hnitstaða: ISN93</p>
		<p>— Vegir gerð F3</p>			<p>Kortagerð: Guðni Hannesson UMI</p>
					<p>Dag: 28.08.2019</p>
					<p>© Landmælingar Íslands</p>

VIÐAUK II
Hnitaskrá.

Mörk landslagsverndarsvæðis í Kerlingarfjöllum.

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
0	495491,88	468401,27	31	493046,18	447984,28	62	479725,53	466162,23
1	495912,16	468265,94	32	492629,61	448208,59	63	479922,93	466125,77
2	496033,85	467996,81	33	488488,61	448696,32	64	480250,09	466386,04
3	496265,32	467922,48	34	487006,94	449183,15	65	480355,58	466846,06
4	495411,75	467158,71	35	478381,50	448590,49	66	480995,95	467051,50
5	495778,08	466786,41	36	477810,00	448886,82	67	482141,69	465888,51
6	496256,09	466680,75	37	477661,83	449109,07	68	482411,87	465803,95
7	496166,31	465951,27	38	477640,67	450290,22	69	482209,76	465419,51
8	496648,74	466210,83	39	478074,58	453109,58	70	482609,25	465151,52
9	496868,65	466163,64	40	477947,58	455109,83	71	483562,21	465459,62
10	497417,12	465466,96	41	476751,66	457406,42	72	484085,66	465835,48
11	497847,88	465221,39	42	476032,00	457649,84	73	484453,46	465709,48
12	498149,03	464596,88	43	475465,82	457540,73	74	484755,44	465815,93
13	494303,58	462070,45	44	475070,14	457919,78	75	485083,57	465387,66
14	494516,73	460098,83	45	474973,01	458356,87	76	485495,12	465341,34
15	495085,12	458624,56	46	474519,73	458996,32	77	486355,80	466084,62
16	495227,22	456830,57	47	474584,48	459587,20	78	487122,21	466508,78
17	496596,27	455838,70	48	474438,79	460040,48	79	487514,69	466559,12
18	496447,29	455247,42	49	473870,86	460805,72	80	488094,18	466265,75
19	495449,06	453853,39	50	474324,03	460978,04	81	488809,55	466221,31
20	495894,33	453211,96	51	474542,69	462142,59	82	489368,76	466478,15
21	495950,71	452462,74	52	475902,56	464901,34	83	489613,95	466969,76
22	496588,89	451640,41	53	476366,97	465305,59	84	490161,00	467114,98
23	496448,39	451064,41	54	477034,68	465572,02	85	490554,82	467023,69
24	494814,59	450166,15	55	477287,11	466016,79	86	491017,63	467362,44
25	494708,76	449793,09	56	477950,51	466146,74	87	491428,73	467062,90
26	494430,94	449713,71	57	478178,17	466817,96	88	491992,18	467490,32
27	494251,03	449404,15	58	478968,30	467690,58	89	492461,26	467048,36
28	493629,25	448983,46	59	479265,72	467598,62	90	492909,59	467007,28
29	493406,25	448486,57	60	479282,09	467261,25	91	495491,88	468401,27
30	493105,69	448359,65	61	479624,76	466843,72			

*Svæðaskipting landslagsverndarsvæðis í Kerlingarfjöllum.**Svæði I*

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	485011,79	465177,43	23	485734,00	464858,73	45	485226,00	464651,98
2	485013,27	465178,24	24	485753,05	464844,86	46	485109,32	464761,52
3	485012,84	465178,22	25	485768,13	464812,32	47	485063,28	464812,32
4	485296,76	465391,30	26	485785,59	464764,69	48	484967,23	464812,32
5	485336,39	465383,29	27	485807,82	464660,71	49	484924,37	464855,97
6	485384,69	465365,44	28	485724,47	464616,26	50	484884,68	464886,13
7	485433,18	465341,69	29	485705,42	464399,57	51	484858,49	464904,39
8	485464,77	465337,49	30	485699,07	464369,40	52	484834,68	464903,60
9	485495,12	465341,34	31	485688,76	464331,30	53	484804,52	464898,83
10	485499,52	465343,28	32	485675,26	464234,46	54	484756,10	464915,50
11	485628,62	465136,31	33	485605,41	464278,91	55	484727,52	464956,78
12	485605,49	465113,18	34	485546,67	464333,68	56	484698,95	465003,61
13	485600,35	465082,33	35	485552,23	464373,37	57	484695,77	465009,96
14	485600,35	465064,34	36	485566,52	464467,83	58	484818,01	465063,14
15	485613,20	465028,36	37	485530,00	464498,78	59	484822,77	465107,59
16	485626,05	464984,67	38	485483,17	464533,71	60	484856,90	465139,34
17	485626,05	464961,54	39	485437,14	464567,05	61	484877,54	465152,04
18	485610,63	464943,55	40	485380,78	464597,21	62	484916,43	465168,71
19	485584,93	464920,41	41	485339,50	464622,61	63	484943,42	465175,85
20	485582,36	464910,13	42	485315,69	464634,52	64	485012,84	465178,22
21	485631,19	464887,00	43	485289,50	464640,87	65	485011,79	465177,43
22	485682,60	464879,29	44	485247,43	464645,63			

Svæði II – Kerling.

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	481639,08	459913,27	6	481691,49	459598,79	11	481434,67	459761,27
2	481701,97	459881,82	7	481633,84	459551,62	12	481450,39	459824,16
3	481717,70	459839,89	8	481555,22	459562,10	13	481487,08	459860,85
4	481733,42	459729,82	9	481450,39	459598,79	14	481639,08	459913,27
5	481728,18	459682,65	10	481413,70	459682,65			

Svæði II – Hverabotn.

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	484840,37	459996,74	15	485552,93	459124,23	29	484455,01	458855,21
2	484942,17	459989,47	16	485567,47	459022,44	30	484375,03	458920,64
3	485014,88	459924,03	17	485567,473	458920,64	31	484367,768	458964,27
4	485167,57	459771,34	18	485552,93	458811,58	32	484360,49	459131,50
5	485291,17	459655,01	19	485502,03	458738,87	33	484345,95	459298,73
6	485327,53	459604,11	20	485451,13	458695,25	34	484338,68	459407,80
7	485349,34	459553,22	21	485356,61	458658,89	35	484360,49	459444,15
8	485363,88	459509,59	22	485254,82	458651,62	36	484411,39	459531,40
9	485422,05	459458,69	23	485218,46	458637,08	37	484520,45	459596,84
10	485422,05	459444,15	24	485167,57	458637,08	38	484622,25	459618,65
11	485429,32	459422,34	25	484949,44	458622,54	39	484651,33	459676,82
12	485458,40	459415,07	26	484760,39	458615,26	40	484702,23	459778,62
13	485465,68	459385,98	27	484694,96	458644,35	41	484782,21	459894,95
14	485509,30	459262,38	28	484600,43	458753,41	42	484840,37	459996,74

Svæði II – Hveradalir.

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	486296,39	461014,65	24	487744,19	459041,91	47	486469,95	460066,38
2	486548,74	460932,01	25	487701,86	459020,75	48	486440,32	460087,55
3	486707,02	460866,48	26	487629,89	458961,48	49	486270,99	460134,12
4	486762,05	460819,92	27	487435,16	458897,98	50	486199,02	460176,45
5	486876,35	460697,15	28	487375,89	458902,21	51	486131,29	460231,48
6	486910,22	460608,25	29	487270,06	458919,15	52	486029,69	460307,68
7	486935,62	460464,32	30	487215,02	458957,25	53	485940,79	460375,42
8	486952,56	460316,15	31	487130,36	459012,28	54	485928,09	460405,05
9	486965,26	459782,75	32	486757,82	459126,58	55	485889,99	460464,32
10	487007,59	459668,45	33	486719,72	459156,21	56	485877,29	460519,35
11	487028,76	459638,82	34	486664,69	459198,55	57	485919,62	460553,22
12	487037,22	459604,95	35	486613,89	459228,18	58	485995,82	460565,92
13	487088,02	459541,45	36	486558,85	459266,28	59	486042,39	460595,55
14	487147,29	459448,31	37	486529,22	459338,25	60	486063,55	460625,18
15	487206,56	459422,91	38	486503,82	459414,45	61	486114,35	460680,22
16	487435,16	459405,98	39	486503,82	459469,48	62	486169,39	460692,92
17	487587,56	459363,65	40	486503,82	459588,01	63	486211,72	460714,08
18	487735,72	459317,08	41	486512,29	459676,92	64	486245,59	460756,42
19	487761,12	459278,98	42	486541,92	459710,78	65	486300,62	460815,68
20	487790,25	459255,18	43	486546,15	459740,42	66	486326,02	460887,65
21	487811,92	459223,95	44	486546,15	459842,02	67	486321,79	460946,92
22	487811,92	459122,35	45	486537,69	459930,92	68	486296,39	461014,65
23	487790,76	459063,08	46	486499,59	460040,98			

Svæði II – Efri-Hveradalir.

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	488700,56	459166,80	25	489657,59	459338,48	49	489541,41	458491,31
2	488813,92	459355,33	26	489680,89	459241,26	50	489522,63	458484,46
3	488872,47	459448,46	27	489686,67	459222,11	51	489455,24	458465,55
4	488908,27	459508,61	28	489698,07	459194,38	52	489435,35	458466,98
5	488932,12	459552,54	29	489717,03	459159,17	53	489376,33	458477,73
6	488993,51	459678,34	30	489738,50	459125,43	54	489327,69	458489,24
7	489011,11	459702,58	31	489750,08	459109,12	55	489271,43	458510,03
8	489032,43	459723,66	32	489782,14	459070,77	56	489207,35	458538,18
9	489063,57	459748,75	33	489793,38	459054,23	57	489135,27	458572,88
10	489089,09	459764,47	34	489807,75	459027,91	58	489091,19	458596,48
11	489107,79	459771,46	35	489833,27	458973,63	59	489057,02	458617,26
12	489156,90	459780,81	36	489837,27	458954,07	60	489007,38	458650,96
13	489196,77	459783,27	37	489838,57	458934,12	61	488926,31	458709,50
14	489266,49	459777,19	38	489837,58	458864,13	62	488847,08	458770,50
15	489316,46	459775,75	39	489834,92	458824,23	63	488766,01	458844,81
16	489336,29	459773,19	40	489827,96	458784,85	64	488759,96	458852,76
17	489365,59	459766,74	41	489813,05	458726,74	65	488732,73	458917,25
18	489373,63	459760,80	42	489801,65	458688,41	66	488718,28	458954,54
19	489380,13	459753,20	43	489790,41	458660,61	67	488712,67	458973,73
20	489444,41	459663,95	44	489770,88	458625,73	68	488695,61	459092,46
21	489540,42	459535,97	45	489753,23	458601,49	69	488695,92	459122,43
22	489562,48	459502,61	46	489738,89	458587,58	70	488700,56	459166,80
23	489613,13	459416,40	47	489722,41	458576,28			
24	489645,46	459365,86	48	489695,79	458562,45			